



## **Svo lengi lærir sem lifir**

Athugun á því hversu margir ljúka formlegri prófgráðu eftir raunfærnimat

Sólveig Indriðadóttir



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## **Svo lengi lærir sem lifir**

***Athugun á því hversu margir ljúka formlegri prófgráðu eftir raunfærnimat***

Sólveig Indriðadóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Sif Einarsdóttir

Meðleiðbeinandi: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms-og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sólveig Indriðadóttir 2017

Reykjavík, Ísland 2017

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hversu margir ljúka formlegu námi í iðngreinum eftir að hafa farið í gegnum raunfærnimat. Raunfærnimat er ein þeirra leiða sem farin hefur verið til að fjölga nemendum sem ljúka námi frá framhaldsskóla eins og stjórnvöld vinna að. Notuð voru gögn frá IÐUNNI fræðslusetri um þá sem lokið höfðu raunfærnimati og þau tengd við nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands. Niðurstöður leiddu í ljós að rúmlega þriðjungur (36,2%) þeirra sem létu meta raunfærni sína í iðngreinum á tímabilinu 2007-2012 höfðu lokið formlegu námi árið 2013. Af þeim sem innritaðir voru í nám á tímabilinu höfðu 55,6% lokið prófgráðu. Niðurstöður bentu til þess að rúmlega helmingur (54,3%) þátttakenda hefði lokið prófi frá sömu grein og raunfærni var metin í og að þeir hefðu þurft tíma til að ljúka námi. Einnig mátti sjá að 36,7% fóru ekki í nám eftir að hafa gengist undir mat á raunfærni. Miðað við þessar niðurstöður má draga þá ályktun að fjöldi þeirra sem lýkur formlegri prófgráðu í kjölfar raunfærnimats sé ásættanlegur. Árangurinn mætti vera betri til að marki stjórnvalda væri náð og því er mikilvægt að kanna hvort aðgengi að námi á framhaldsskólastigi sé nægjanlega gott fyrir þá sem fara í raunfærnimat.

## **Abstract**

The aim of this study is to see how many completed formal education in trades after having undergone validation. Validation is one of the measures that have been taken to increase the number of students who graduate from college as government work upon. Data from the educational institution IDAN was used on those who have completed validation and associated with the student and examination record of Statistics Iceland. The results show that over a third (36.2%) of those who were assessing their competence in trades during the period 2007 to 2012 completed studies in 2013. Of those who were enrolled in education over the period were 55.6% graduates. Results indicated that more than half (54.3%) of the participants graduated from the same profession and competence assessed in and they needed time to complete their studies. The results also showed that 36.7% did not seek education after having undergone validation. Based on these results it can be concluded that the number of those completing formal degree following validation is acceptable. The result could be better so the government goal would be considered reached, it is important to examine whether access to secondary education is sufficiently good for those undergoing validation.

## Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTS-eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Markmið hennar var að varpa ljósi á hversu margir ljúka formlegu námi í iðngreinum eftir raunfærnimat í takt við stefnu stjórnvalda um að fjölga þeim sem ljúka námi frá framhaldsskóla.

Áhuga minn á efninu má rekja til kynninga sem ég fór á hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og IÐUNNI fræðslusetri þar sem ég fékk innsýn í hugmyndafræði raunfærnimatsins. Það að hægt sé að veita einstaklingum tækifæri til að hefja nám að nýju þar sem þeir eru staddir í þekkingu og færni er bylting fyrir þann hóp sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla. Þar af leiðandi fór ég að velta því fyrir mér hvort skrifað hefði verið um fjölda þeirra sem lyki námi eftir raunfærnimat og í ljós kom að lítið hafði verið skrifað um það hérlendis. Þar sem Hagstofa Íslands geymir gögn um námsferil og brautskráningar nemenda var ákveðið að tengja slíkar upplýsingar við ákveðinn hóp einstaklinga sem hefur gengist undir mat á raunfærni til að sjá hversu vel raunfærnimat skilar einstaklingum inn í formlega skólakerfið. Leiðbeinendur mínir í þessu verkefni voru dr. Sif Einarsdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og fá þær bestu þakkir fyrir gott samstarf, góða leiðsögn og fyrir það að sýna verkinu áhuga. Þakkir fær IÐAN fræðslusetur fyrir aðgang að upplýsingum og styrk sem ég hlaut fyrir úrvinnslu gagnanna frá Hagstofu Íslands. Sérstakar þakkir fær Edda Jóhannesdóttir verkefnastjóri IÐUNNAR fyrir alla þá aðstoð sem hún veitti mér meðan á verkefninu stóð. Að lokum vil ég þakka systur minni Hörpu Indriðadóttur fyrir yfirlestur á verkefninu og fjölskyldu minni og tengdafjölskyldu fyrir stuðning í minn garð meðan á náminu stóð.

## Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	<b>8</b>
1.1 Ævinám (e. lifelong learning) .....	9
1.1.1 Stefna evrópskra stjórnvalda um ævinám .....	10
1.1.2 Ævinám í íslensku samhengi.....	11
1.2 Raunfærnimat .....	12
1.3 Árangur og afleiðingar raunfærnimats.....	16
1.3.1 Árangur í ljósi tilgangs - raunfærnimat brú yfir í formlegt nám? .....	17
1.3.2 Upplifun þeirra sem fara í raunfærnimat og persónulegur ávinningur	17
1.3.3 Árangur raunfærnimats á Íslandi .....	18
1.4 Rannsóknarspurningar .....	20
<b>2 Aðferð</b> .....	<b>21</b>
2.1 Þátttakendur .....	21
2.2 Mælitæki .....	21
2.3 Framkvæmd rannsóknar .....	22
<b>3 Niðurstöður</b> .....	<b>23</b>
3.1 Brautskráðir einstaklingar á tímabilinu 2007-2013.....	23
3.2 Hvers konar námi ljúka einstaklingar eftir raunfærnimat? .....	24
3.3 Óbrautskráðir einstaklingar á tímabilinu 2007-2013. ....	26
3.4 Hlutfall þeirra sem ekki skráðu sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013 .....	28
<b>4 Umræður</b> .....	<b>32</b>
4.1 Markmið stjórnvalda og árangur raunfærnimats .....	32
4.2 Áskoranir og hindranir.....	34
4.3 Lokaorð.....	35
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>37</b>

## Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi raunfærnimetinna, innritaðra og brautskráðra á tímabilinu 2007-2013.	24
Tafla 2. Formlegt nám í kjölfar raunfærnimats á tímabilinu 2007-2013.....	25
Tafla 3. Fjöldi og hlutfall óbrautskráðra einstaklinga eftir árum 2007-2013 .....	27
Tafla 4. Fjöldi og hlutfall innritaðra en óbrautskráðra eftir námsgreinum 2007-2013..	28
Tafla 5. Fjöldi einstaklinga sem ekki skráði sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013	29
Tafla 6. Hlutfall einstaklinga sem ekki skráðu sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013 .....	30



# 1 Inngangur

Menntun gegnir mikilvægu hlutverki í samfélagi nútímans, hún er talin vera grunnstoð samfélagsins þar sem hún getur eftt framleiðni og samkeppnishæfni (Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, 2014). Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuumhverfi síðastliðin ár, aukin samkeppni ríkir á vinnumarkaðnum og atvinnutækifærum hefur fjölgað. Í kjölfarið er rík krafa um framhaldsskólamenntun víðs vegar í heiminum því almenn menntun og þjálfun á grunnstigi skólakerfisins svarar ekki lengur þörf vinnumarkaðarins (Watts og Fretwell, 2004; Sultana, 2004; Meyer, 1977; EU Quality Assurance in Vocational Education and Training, e.d.). Í ljósi þess hefur aukin áhersla verið lögð á ævinám (e. lifelong learning) svo hægt sé að auka aðgengi þeirra sem minnstu menntun hafa að frekara námi (Duvekot o.fl., 2007). Ævinám er fólgið í öllu því námi sem á sér stað á lífsferlinum þar sem markmiðið er að stuðla að aukinni þekkingu, færni og/eða hæfni í félagslegum, persónulegum og/eða fagtengdum tilgangi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2014)

Um 30% Íslendinga hefur ekki lokið formlegri framhaldsmenntun og því er áhersla lögð á ævinám í útgefinni stefnumótun stjórnvalda, *Nám alla ævi og Ísland 2020* til að efla megi þátttöku þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskólamenntun í formlegu námi. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010; Forsætisráðuneytið, 2011). Í lögum um framhaldsfræðslu kemur fram að mati á óformlegu námi sé ætlað að efla íslenskt menntakerfi og auðvelda aðgengi fólks með litla formlega menntun að frekara námi (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Raunfærnimat er verkfæri sem ætlað er að mynda brú á milli formlegs, óformlegs og formlauss náms svo hægt sé að leggja mat á heildarhæfni einstaklinga (Gunnar E. Finnbogason, 2009). Í mati á raunfærni getur fólk byrjað í námi út frá því hvar það stendur miðað við eigin þekkingu og reynslu en ekki þar sem formlegu námi lauk. Tilgangurinn er að efla aðgengi fólks að námi, forðast endurtekningu í námi, stytta námsferil (OECD, 2003) eða að einstaklingar öðlist framgang í starfi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).

Hér á landi hefur ekki verið metið með heildstæðum hætti hvort raunfærnimat styðji við markmið stjórnvalda um að fjölga þeim sem ljúka formlegu námi frá

framhaldsskóla. Í könnun á vegum Capacent Gallup kom fram að 34,1% þátttakenda hafði lokið námi eftir mat á raunfærni og 27,7% höfðu farið í nám í kjölfarið en ekki lokið því (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Í annarri rannsókn frá árinu 2013 kom fram að 28% þátttakenda höfðu lokið námi eftir mat á raunfærni. Ókostur þeirrar rannsóknar var að hún var gerð á afmörkuðum hóp. Capacent- könnunin veitir góðar upplýsingar en í henni var um valfrjálsa þátttöku að ræða. Af 1989 manna úrtaki var 751 einstaklingur sem lokið hafði raunfærnimati og af þeim voru 446 sem tóku þátt í könnuninni (59,4%). Í ljósi þeirra stefnuyfirlýsinga sem settar hafa verið fram um að fjölga þeim sem ljúka námi frá framhaldsskóla og að um 27% Íslendinga hefur ekki lokið framhaldsmenntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a) er mikilvægt að átta sig á því hvort raunfærnimat skili þeim árangri sem stefnt er að.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hversu margir ljúka formlegu námi í iðngreinum eftir raunfærnimat í takt við þá stefnu stjórnvalda að ýta undir formlega framhaldsskólamenntun hér á landi. Til að meta nákvæmar, og með áreiðanlegri hætti en áður hefur verið gert, að hvaða marki þeir sem fara í raunfærnimat skila sér í formlegt nám verða upplýsingar um námsframvindu og brautskráningar frá Hagstofu Íslands nýttar.

### **1.1 Ævinám (e. lifelong learning)**

Fólk er alltaf að læra eitthvað nýtt í sínu daglega lífi. Sú heildarþekking sem við öflum okkur um ævina, sem gengur einnig undir nafninu ævinám, gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnumálum og menntastefnu (Sanséau og Ansart, 2013). Ævinám er notað um allt það nám sem á sér stað á lífsferlinum þar sem markmiðið er að stuðla að aukinni þekkingu, færni og/eða hæfni í félagslegum, persónulegum og/eða fagtengdum tilgangi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2014)

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi síðastliðin ár, aukin samkeppni ríkir á vinnumarkaðnum og atvinnutækifærum hefur fjölgað. Í kjölfarið er rík krafa um framhaldsskólamenntun í mörgum löndum því grunnþjálfun (e. initial training) eða almenn menntun og þjálfun á grunnstigi skólakerfisins svarar ekki lengur þörf vinnumarkaðarins hvað varðar færni og leikni einstaklinga (Watts og Fretwell, 2004; Sultana, 2004; Meyer, 1977; EU Quality Assurance in Vocational Education and

Training, e.d.). Til að svara þeirri þróun hefur Evrópusambandið lagt aukna áherslu á ævinám svo hægt sé að auka aðgengi þeirra sem minnsta menntun hafa að frekara námi (Duvekot o.fl., 2007). Menntun skiptir máli, því minni menntun sem fólk hefur því minna fjármagn skilar sér til þjóðarbúsins (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; OECD, 2016). Meginástæða þess að stjórnvöld vilja auka aðgengi fólks að framhaldsskólanámi og hækka menntunarstig þjóða er sú að menntun er talin auka hagvöxt þar sem hún dregur úr ójöfnuði í samfélaginu, eykur lífsgæði einstaklinga og stuðlar að betri afkomu þeirra (Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, 2014; OECD, 2016).

Eins og fram hefur komið gegnir hugmyndafræði ævináms mikilvægu hlutverki í að efla aðgengi fólks að námi á framhaldsskólastigi og í leiðinni fjölga þeim sem ljúka námi. Í næsta kafla verður fjallað um hvernig stjórnvöld innan Evrópu hyggjast nýta ævinám til að bæta aðgengi að formlegu námi og hækka menntunarstig þjóða.

### **1.1.1 Stefna evrópskra stjórnvalda um ævinám**

Í ljósi þessara miklu breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaðnum síðastliðna áratugi hafa evrópsk stjórnvöld sett fram stefnur um ævinám með það að markmiði að koma á öflugu þekkingarhagkerfi til að efla samkeppnishæfni. Ævinám er talið gegna lykilhlutverki í því að efla framþróun og að þjóðfélagsþegnar geti brugðist við efnahagslegum og félagslegum áskorunum (EUR-Lex, 2009).

Upphafið að samstarfi Evrópuþjóða á sviði ævináms má rekja til Lissabon-sáttmálans frá árinu 2000. Á þeim tíma var Evrópa að breytast í þekkingarsamfélag og ljóst var að það myndi hafa félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar breytingar í för með sér. Í sáttmálanum kom fram að ævinám væri mikilvægur hluti af þeirri þróun að gera Evrópu að samkeppnishæfasta samfélagi heims og koma á öflugu þekkingarhagkerfi (European Commission, 2001; Andersson og Fejes, 2005). Árið 2001 birti Evrópusambandið skýrsluna *Memorandum on Lifelong Learning* sem byggð er á Lissabon-sáttmálanum og þar var ævinám hluti af þeirri áætlun að gera Evrópu að öflugu þekkingarsamfélagi (Fejes, 2010; Andersson, Fejes og Sandberg, 2013).

Ári síðar, 2002, var Kaupmannahafnaryfirlýsingin samþykkt af menntamála- ráðherrum og framkvæmdastjórn ESB. Sú yfirlýsing var upphafið að því að farið var að veita námi í hinu óformlega skólakerfi aukna eftirtekt (Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir,

2004). Markmið þeirrar stefnu er að auka gagnsæi menntunar sem byggir á hinu samræmda evrópska einingakerfi (ECTS) fyrir starfsmenntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.). Næsta mikilvæga skref í þessari þróun var stigið árið 2008 þegar aðildarríki Evrópusambandsins og aðilar vinnumarkaðarins komu fram með heildstæða stefnu um nám alla ævi. Sú stefna er fólgin í evrópskum hæfniramma fyrir ævinám (e. European Qualifications Framework - EQF) en nú eru 32 ríki aðilar að þessum hæfniramma, Ísland þar með talið. Markmið rammans er að auka samvinnu og gagnsæi milli þátttökuríkja sem auðveldi námsfólki og fólki á vinnumarkaði að flytja sig á milli landa og í kjölfarið að auka aðgang einstaklinga að námi (Evrópuvefurinn, 2012). Þessi evrópski hæfniramma (EQF) liggur til grundvallar innlendum hæfnirömmum (e. National Qualification Framework - NQF) þar sem löndin útfæra evrópska rammann eftir sínu menntakerfi (Nordiskt nätverk för vuxnas lärande, e.d.).

Síðasta skrefið í þessari þróun var stigið árið 2010 þegar stefnumótunin *Strategic Framework for Education and Training (ET 2020)* var birt. Þar má finna langtímaáætlun fyrir ævinám sem miðar að því að samþætta vinnu og menntun sem ævilangt námsferli, meðal annars með mati á raunfærni (Andersson, Fejes og Sandberg, 2013). Settar hafa verið fram ýmsar stefnur til að samræma skipulag og gæði ævináms innan Evrópu með það að markmiði að efla framþróun ríkjanna með aukinni menntun. Í næsta kafla er því vert að skoða hvaða hlutverki ævinám gegnir á Íslandi.

### **1.1.2 Ævinám í íslensku samhengi**

Áherslu um nám alla ævi má einnig sjá í stefnumótun hérlendis. Á síðastliðnum árum hefur átt sér stað endurskoðun á löggjöf um íslenskt menntakerfi og á bak við þá þróun liggur stefna um nám alla ævi. Þeirri stefnumótun og þróun löggjafar er ætlað að skapa forsendur til að efla íslenskt menntakerfi. Í skýrslunni *Mótun stefnu um nám alla ævi* frá árinu 2010 kemur fram að veita þurfi óformlegu námi aukna eftirtekt. Þar er talað um að líta þurfi á þekkingu út frá óskum og þörfum fólksins og samfélagsins en ekki eingöngu út frá forsendum skólakerfisins. Einnig er greint frá því að auka þurfi tengsl milli menntunar og atvinnulífs, m.a. með raunfærnimati því mat á óformlegu námi geti auðveldað fólki að hefja nám að nýju og stuðlað að aukinni aðsókn í nám. Í skýrslunni kemur fram að á Alþingi liggi fyrir frumvarp um lagaumgjörð fyrir framhaldsfræðslu

sem ætlað sé að veita einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki tækifæri til að hefja nám að nýju. Síðar sama ár voru lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 samþykkt og tekin í gildi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010).

Ári síðar var stefnumótunin *Ísland 2020* gefin út en hún er í takt við stefnu Evrópusambandsins *ET 2020* frá árinu 2010 þar sem markmiðið er meðal annars að efla ævinám og minnka brotfall úr skólum í Evrópu (Forsætisráðuneytið, 2011; European Commission, 2010; Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, 2011). Í stefnumótuninni *Ísland 2020* kemur fram að hugsa þurfi um skólakerfið sem heild og að bjóða þurfi upp á fjölbreyttari tækifæri til náms. Eitt af markmiðum stefnunnar er að minnka hlutfall Íslendinga sem ekki hafa lokið formlegu námi frá framhaldsskóla úr 30% niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, 2011). Til þess að ná því markmiði á að auka aðgengi þessa hóps að námi, meðal annars með raunfærnimati.

Eins og sjá má er ætlunin héraendis að auka áherslu á nám alla ævi og minnka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla. Einnig kom fram að mat á raunfærni er ætlað að bera kennsl á óformlega þekkingu og stuðla að aukinni aðsókn í nám. Enn sem komið er hefur ekki verið skoðað með beinum hætti hvernig mat á raunfærni styður við þetta markmið stjórnvalda. Því er vert að skoða nánar hvað raunfærnimat er og hvernig slíkt mat fer fram.

## **1.2 Raunfærnimat**

Eitt þeirra verkfæra sem stuðst er við til að auka aðsókn einstaklinga í formlegt nám er svonefnt raunfærnimat (e. Accreditation of prior experiential learning, Validation of non-formal and informal learning, Prior learning assessment and recognition, Recognition of prior learning) (Cedefop, 2009). Í raunfærnimati er ætlunin að mynda brú á milli formlegs, óformlegs og formlauss náms svo hægt sé draga fram alla þá þekkingu og færni sem einstaklingurinn býr yfir (Gunnar E. Finnbogason, 2009). Greint er á milli þessara tegunda náms þar sem þær eru ólíkar í eðli sínu. Formlegt nám (e. formal learning) er skipulagt af mennta- eða fræðslustofnunum og byggir á formlegri, skipulagðri og samþykktri námskrá. Þar eru markmið námsins vel skilgreind og námstími er afmarkaður. Að formlegu námi loknu fá einstaklingar námið staðfest með prófskírteini eða viðurkenningu. Óformlegt nám (e. non-formal learning) er einnig

skipulagt nám og í sumum tilfellum með vel skilgreindum markmiðum eða ákveðnum námstíma. Í flestum tilfellum er til námskeiðslýsing með stuttri innihaldslýsingu eða eingöngu námskeiðsheiti eins og styttri námskeið á vegum símenntunarstöðva eða vinnustaða. Staðfesting eða viðurkenning fylgir stundum með að námi loknu. Að lokum er talað um formlaust nám (e. informal learning) sem tengist reynslu og daglegu lífi innan fjölskyldu, á vinnustað eða í frítíma. Formlaust nám er ekki skipulagt eða með skýrum markmiðum og hefur ekki afmarkaðan námstíma. Auk þess er hvorki til kennsluskra né námskra varðandi það og námið er ekki staðfest með skírteini eða viðurkenningu (Gunnar E. Finnbogason, 2009).

Í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 er raunfærnimat skilgreint sem skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á heildarþekkingu og færni einstaklingsins. Matið sem slíkt byggir á fyrri formlegri skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu. Þar kemur fram að eitt af markmiðum laganna sé að efla íslenskt menntakerfi og hækka menntunarstig þjóðarinnar. Þar er einnig nefnt að óformlegt nám eigi að meta að verðleikum og að einstaklingar sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki eigi rétt á að raunfærni þeirra sé metin (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010).

Stjórnvöld hérlendis hafa lagt aukið fjármagn í raunfærnimat því það reynist hvati fyrir fullorðið fólk með litla formlega menntun eða fólk sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla til að hefja nám að nýju (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015b). Hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára án framhaldsskólaprófs er 27% en það er fimmta hæsta meðaltal meðal ríkja OECD. Einnig er lítil munur á milli yngri og eldri kynslóða sem gefur til kynna að illa gangi að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a, 2015a). Mat á raunfærni hefur einnig þá kosti að skilvirkni á vinnumarkaði eykst, því fylgir minni beinn kostnaður og fórnarkostnaður en við formlega menntun þar sem nemendur geta sleppt einhverjum námsfögum. Hækkun menntunarstigs hefur jákvæð áhrif á hagvöxt samfélaga og eykur jafnræði og þátttöku innan þeirra (Field, o.fl. 2012; Musset og Valle, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013; Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2007; Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.). Miðað við þetta er ljóst að raunfærnimat er fjárhagslega

hagkvæmt og því ákjósanleg leið fyrir stjórnvöld til að auka aðsókn fólks í nám á framhaldsskólastigi og hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar á sama tíma.

Þegar raunfærnimat er framkvæmt skráir einstaklingur niður raunfærni sína, oft undir handleiðslu ráðgjafa, og í kjölfarið er hægt að bera hana saman við ákveðin viðmið eins og færni viðmið áfanga í formlega skólakerfinu eða færni viðmið starfa (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.). Þegar raunfærnimat er framkvæmt og borið saman við færni viðmið formlega skólakerfisins má gera greinarmun á því hvort um aðgang (e. access) að námi sé að ræða eða að metið sé til styttingar á námi (e. credit) (Gunnar E. Finnbogason, 2009). Þegar metið er til styttingar á námi er raunfærni metin með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru í námsáföngum og komið í veg fyrir að viðkomandi sækji nám í þekkingu sem hann kann nú þegar (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.). Slíkt mat er algengara á grunn- og framhaldsskólastigi og framhaldsfræðslu (þ.m.t. starfsmenntun) þar sem þau námsstig eru talin sveigjanlegri en nám á háskólastigi (Field o.fl., 2012). Mat á raunfærni má einnig sjá á háskólastigi og er það orðið að viðtekinni venju í mörgum háskólum erlendis (Stenlund, 2010; Fjortoft og Zgarrick, 2001). Það er fyrst og fremst notað fyrir aðgang að námsleiðum en reynsluþekking er einnig metin til eininga í mörgum háskólum (Stenlund, 2010).

Þrátt fyrir að stjórnvöld vilji auka aðsókn fólks í formlegt nám með raunfærnimati hefur það hlotið þónokkra gagnrýni frá formlega menntakerfinu. Helsta gagnrýnin er sú að matið virki sem einhvers konar afsláttarleið fyrir fólk sem hefur verið á vinnumarkaði. Samkvæmt úttekt OECD á dönsku menntakerfi frá árinu 2012 kemur fram að kennaramenntaðir einstaklingar líti gjarnan á raunfærnimatið sem nokkurs konar ógn við þeirra starfsstétt þar sem það sé staðfesting á því að þekkingu og færni sé ekki eingöngu miðlað af faglærðum einstaklingum. Framhaldsskólar fá greiðslu fyrir fjölda eininga sem nemendur taka og því færri einingar, því minna fjármagn fær skólinn. Þar sem raunfærnimat snýst um að fækka fjölda eininga sem nemendur þurfa að taka hafa menntastofnanir einnig gagnrýnt fyrirkomulag matsins. Auk þess eru vinnuveitendur í sumum tilfellum ekki hrifnir af því að senda starfsfólk í raunfærnimat þar sem þeir geta átt á hættu að missa frá sér starfsmenn sem hafa aflað sér mikillar þekkingar og sérhæfingar í starfi (Field, o.fl., 2012).

Á Íslandi hefur raunfærnimat verið í þróun frá árinu 2002 en framboð og þátttaka í raunfærnimati hefur aukist mikið frá því að það var fyrst fjármagnað af fræðslusjóðum og fyrirtækjum árið 2007. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur umsjón með raunfærnimati símenntunar- og fræðslumiðstöðva hérlendis. Hún var stofnuð árið 2002 í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands um að efla starfsmenntun í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Eitt af hlutverkum miðstöðvarinnar er að tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats, fylgjast með framkvæmd þess og veita starfandi fagfólki þjálfun og endurgjöf um raunfærnimat (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010; Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2010). Tilgangurinn er að veita fólki sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla tækifæri til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og afla sér menntunar með framboði vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati hjá viðurkenndum fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2016).

Á Íslandi er raunfærnimat í boði í 54 námsgreinum, þar af eru 50 greinar þar sem metið er á móti gildum námskrám á framhaldsskólastigi og í fjórum greinum er metið á móti viðmiðum atvinnulífsins. Í slíkum tilfellum er ekki tenging við námskrá heldur er raunfærni metin með tilliti til færnikrafna starfa (Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, 2015). Um þrjú þúsund manns gengust undir raunfærnimat á árunum 2007-2014 hérlendis og af þeim voru tveir þriðju hlutar þeirra einstaklingar sem fóru í raunfærnimat í iðngreinum. Í flestum tilfellum er um að ræða einstaklinga sem hófu nám í framhaldsskóla en luku því ekki á sínum tíma. Á árinu 2015 var einnig farið að bjóða upp á raunfærnimat á tölvubraut, í fiskeldi, tanntækni, starfi aðstoðarþjóna og í almennum bóklegum greinum (ensku, stærðfræði, dönsku og íslensku). Í ár bættist við raunfærnimat í búfræði og fyrir verslunarfulltrúa (Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, 2015; Friðrik Hjörleifsson, 2015).

Þar sem raunfærnimat hefur lengst verið framkvæmt í iðngreinum er eðlilegt að beina sjónum að þeim hópi í upphafi og sjá hversu margir hafa lokið formlegri prófgráðu í kjölfar matsins. Einnig hafa iðngreinar þann kost að um er að ræða vottaðar



námsleiðir á framhaldsskólastigi og því gott að finna leið til að ljúka námi í þeirri grein sem raunfærni var metin í. Raunfærnimat í iðngreinum, fyrir utan rafiðngreinar, fer fram hjá IÐUNNI fræðslusetri þar sem meginmarkmiðið er að bæta hæfni starfsmanna og fyrirtækja í iðnaði. IÐAN er í eigu Samtaka iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félags bókagerðarmanna, Félags iðn- og tæknigreina (FIT), Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM), Bílgreinasambandsins, Samtaka ferðapjónustunnar og Meistarafélags húsasmiða. Meginhlutverk IÐUNNAR er að bæta hæfni starfsmanna og fyrirtækja í iðnaði, meðal annars með raunfærnimati. Mat á raunfærni hefur verið framkvæmt frá árinu 2007 og þær greinar sem hafa verið metnar eru til dæmis bifvélavirkjun, bifreiðasmíði, bílamálun, framreiðsla, húsasmíði, matreiðsla, málaraíðn, múriðn, pípulagnir, stálsmiði, vélvirkjun o.s.frv. (IÐAN fræðslusetur, e.d.a, e.d.b).

Af framangreindri umfjöllun er ljóst að raunfærnimati er helst ætlað að veita þeim sem ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla tækifæri til frekara náms. Það er einnig mikilvægur liður í markmiðum stjórnvalda um að fjölga þeim sem ljúki námi frá framhaldsskóla. Næst verður greint frá rannsóknum sem sýna hvernig raunfærnimat nýtist til að fá aðgang að námi og hvaða persónulega ávinning matið hefur fyrir einstaklinga.

### **1.3 Árangur og afleiðingar raunfærnimats**

Raunfærnimat hefur þróast mikið á síðastliðnum árum og hefur verið rannsakað frá ýmsum sjónarhornum. Eigindlegar rannsóknir eru stór hluti rannsókna á raunfærnimati og leggja þær áherslu á almenna umfjöllun um matið og framkvæmd þess. Algengt er að sjá umfjöllun um uppbyggingu og innleiðingu matsins á milli landa og stofnana eins og í rannsóknum frá Ástralíu, Evrópu, Suður-Afríku og Bandaríkjunum. Einnig má sjá rannsóknir sem snúa að gæðamálum, hvernig raunfærnimat nýtist til að fá aðgang að námi og rannsóknir sem greina matið með gagnrýnum hætti (Stenlund, 2010; Andersson, Fejes og Sandberg, 2013; Harris og Wihak, 2011; International Labour Organization, 2005).

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsókna þar sem raunfærnimat er nýtt til styttingar á og/eða aðgangs að námi á framhaldsskólastigi. Í nokkrum af þessum rannsóknum er raunfærnimat fyrir viðbótarstig (e. post-secondary) í námi í framhalds-

og háskólum skoðað og því um tvö skólastig að ræða í sumum niðurstöðum. Viðbótarstig er fólgið í námsleiðum á framhalds- og háskólastigi en því er ætlað að undirbúa nemendur fyrir háskólanám eða atvinnulíf. Slíkt nám leiðir ekki til háskólagráðu (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Eitt af markmiðum þessarar rannsóknar er að skoða hvernig raunfærnimat stuðlar að aukinni aðsókn í formlegt nám og því verður hér greint frá rannsóknum sem sýna hvernig matið nýtist til áframhaldandi náms.

### **1.3.1 Árangur í ljósi tilgangs - raunfærnimat brú yfir í formlegt nám?**

Raunfærnimat virðist gera fólki kleift að hefja nám að nýju eins og rannsókn Blinkhorn frá árinu 1999 gaf til kynna. Niðurstöður sýndu að flestir þeirra sem fóru í nám í kjölfar raunfærnimats gátu nýtt niðurstöður matsins til áframhaldandi náms á framhaldsskólastigi. Einnig hefur komið í ljós að mat á raunfærni getur eftt aðgengi einstaklinga að menntun, þeir séu líklegri til að ljúka námi og sýni oft betri námsárangur en aðrir nemendur (Arcscott, Crowther, Young og Ungarian, 2007; The Council For Adult and Experimental Learning, 2010; Travers, 2011). Komið hefur fram að þátttakendur í raunfærnimati telji sig líklega til að ljúka námi þar sem matið sé fjárhagslega hagkvæmara (Aarts o.fl., 2003).

Þeir sem fóru í nám að loknu raunfærnimati fengu jafn háar eða hærrí einkunnir en hefðbundnir nemendur (Aarts o.fl., 1999). Samkvæmt Travers (2011) má einnig sjá niðurstöður um góðan árangur þeirra sem hófu nám eftir raunfærnimat í rannsóknum Hoffmann, LeMaster og Flickinger (1996) og Hoffmann og LeMaster (1996). Þar kom enn fremur í ljós að nemendur sem hófu nám í kjölfar raunfærnimats höfðu lokið háskólanámi og lokið fleiri einingum í námi en hefðbundnir nemendur (Travers, 2011).

### **1.3.2 Upplifun þeirra sem fara í raunfærnimat og persónulegur ávinningur**

Mat á raunfærni virðist ekki eingöngu veita einstaklingum aðgang að námi og stytta námsferil þeirra því rannsóknir hafa einnig leitt í ljós ávinning á borð við launahækkun, að fólk hljóti ný og betri störf og að raunfærnimat ýti undir frekari starfsþróun (Arcscott o.fl., 2007; Travers, 2011). Fólk sem lætur meta raunfærni sína er almennt ánægt með matið og myndi mæla með því við aðra (Wihak, 2005; Aarts o.fl., 1999). Auk þess eflir raunfærnimat sjálfstraust fólks og skipulag þess gerir því kleift að ljúka námi samhliða

vinnu og fjölskyldulífi (Morin, 2007; Wihak, 2005; Aarts o.fl., 1999). Fólk finnur til aukins sjálfsálits, er ánægðara í vinnu og tekur virkari þátt í umræðum á vinnustað eftir að hafa farið í raunfærnimat (Fejes og Andersson, 2008; Stevens, Gerber og Hendra, 2010).

Einstaklingar sem hafa gengist undir raunfærnimat búa gjarnan yfir meiri seiglu (e. persistence) í námi en aðrir (Pearson, 2000). Samkvæmt nýlegri langtímarannsókn sýndu nemendur sem fóru í gegnum raunfærnimat meiri seiglu í námi en aðrir nemendur. Þeir voru líklegri til að klára nám á styttri tíma eða allt frá tveimur mánuðum upp í tíu. Meira en helmingur þeirra (56%) höfðu klárað viðbótargráðu (e. postsecondary degree) innan sjö ára á móti 21% nemenda sem höfðu ekki farið í gegnum raunfærnimat (The Council For Adult and Experimental Learning, 2010).

Ofangreindar rannsóknir sýna að raunfærnimat veiti fólki tækifæri til náms, að einstaklingar sem hefja nám á slíkum forsendum séu líklegri til að ljúka námi og upplifa aukið sjálfsöryggi í kjölfarið. Í næsta kafla er því vert að skoða hvað íslenskar rannsóknir á raunfærnimati hafa sýnt.

### **1.3.3 Árangur raunfærnimats á Íslandi**

Erfitt er að vita með nákvæmum hætti hvernig raunfærnimat nýtist til að auka aðsókn í framhaldsskólanám hérlendis þar sem fáar slíkar rannsóknir hafa verið framkvæmdar. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa þó bent til þess að raunfærnimat veiti einstaklingum tækifæri til að hefja nám að nýju og geti stuðlað að bættum starfskjörum (Sólveig R. Kristinsdóttir, 2013; Guðný Sigríður Magnúsdóttir, 2013; Auður Sigurðardóttir, 2010). Einnig hafa þær bent til þess að náms- og starfsráðgjöf skipti miklu máli í raunfærnimatsferlinu. Ráðgjöfin reynist hvati til áframhaldandi náms og ýti undir færniþróun, sjálfseflingu og starfsþróun einstaklinga (Auður Sigurðardóttir, 2010; Sólveig R. Kristinsdóttir, 2013).

Helsta ástæða þess að einstaklingar fara í raunfærnimat er löngun til þess að ljúka námi og öðlast starfsréttindi (Auður Sigurðardóttir, 2010). Í rannsókn Sólveigar R. Kristinsdóttur (2013) og Guðnýjar Sigríðar Magnúsdóttur (2013) sýndu niðurstöður að hvatning frá Samtökum starfsmanna fjármálaþyrirtækja (SSF) var meginástæða þess að félagsmenn fóru í raunfærnimat og að aðild samtakanna í matinu veitti þeim tækifæri

til að hefja nám að nýju. Niðurstöður í rannsókn Guðnýjar gáfu til kynna að 28% þátttakenda hefðu bætt við sig menntun. Það nám sem þátttakendur fóru í var á framhaldsskólastigi, frumgreinanám og háskólanám. Einnig voru dæmi þess að fólk fór í frekara fjármálaráðgjafanám, hlaut vottun fjármálaráðgjafa, hóf nám í ferðamálastól og á skrifstofubraut. Aldur virtist vera ákveðin hindrun á aðsókn í nám meðal þátttakenda þar sem hlutfallslega fleiri af yngri þátttakendum fóru í nám í kjölfarið (Guðný Sigríður Magnúsdóttir, 2013).

Í könnun á vegum Capacent Gallup sem unnin var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2014 var ætlunin að skoða upplifun einstaklinga sem farið höfðu í gegnum fullorðinsfræðsluferfið. Könnunin var send út til 1989 einstaklinga sem voru í viðskiptavinaskrá Fræðslumiðstöðvarinnar. Af þeim var 751 einstaklingur sem hafði farið í gegnum raunfærnimat og af þeim voru 446 sem tóku þátt í könnuninni (59,4%). Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu farið í nám eftir raunfærnimat og alls höfðu 34,1% þeirra lokið námi og 27,7% höfðu farið í nám í kjölfarið en ekki lokið því. Einnig mátti sjá að 13,8% höfðu í hyggju að fara í nám og 7,6% sögðust ekki ætla í áframhaldandi nám. Einnig bentu niðurstöður til þess að þátttakendur teldu það skipta máli að fá einingar metnar til styttingar á námi. Af þessum 446 einstaklingum sem svöruðu voru 86,9% þeirra í starfi á þeim tíma sem mat á raunfærni þeirra fór fram (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b).

Eins og sjá má í ofangreindri umfjöllun hafa rannsóknir hérlendis sem og erlendis sýnt að raunfærnimat sé álitlegur kostur fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi því þeir séu líklegri til að ljúka námi í kjölfarið. Hér á landi hefur lítið verið skoðað hversu margir ljúka formlegu námi í kjölfar raunfærnimats. Í rannsókn Guðnýjar Sigríðar (2013) er þetta skoðað en eingöngu hjá starfsmönnum fjármálafyrirtækja. Könnun Capacent (2014) kemur einnig inn á aðsókn í nám að raunfærnimati loknu en þar er um valfrjálsa þátttöku að ræða. Eftir bestu vitund hafa tölur um námsframvindu og brautskráningu einstaklinga sem gengist hafa undir raunfærnimat ekki verið skoðaðar. Í ljósi þess að einn helsti veikleiki mennta- og hagkerfis Íslands er hversu stórt hlutfall vinnuafsisins hefur ekki lokið framhaldsmenntun og þeirra stefnuyfirlýsinga sem settar hafa verið fram um að fjölga

þeim sem ljúka námi frá framhaldsskóla er mikilvægt að slíkar tölur séu skoðaðar nánar (Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, 2011). Þannig er hægt að greina hvort raunfærnimat sé að skila tilsettum árangri.

#### **1.4 Rannsóknarspurningar**

Ljóst er að mat á raunfærni tengist ævinámi og þeim áformum um að meta nám í víðara samhengi og því er raunfærnimat mikilvægur liður í því markmiði að fjölga þeim sem ljúka formlegu námi frá framhaldsskóla (Colardyn og Bjornavold, 2004). Ofangreindar rannsóknir sýna að raunfærnimat hentar vel þeim hópi sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla. Enn fremur benda þær til þess að þörf sé á rannsóknum sem skoða skilvirkni matsins og árangur þess.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hversu margir ljúka formlegu námi í iðngreinum eftir raunfærnimat í takt við þá stefnu stjórnvalda að ýta undir formlega framhaldsskólamenntun hér á landi. Rannsóknin byggir á upplýsingum frá IÐUNNI fræðslusetri og Hagstofu Íslands. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að miða við raunfærnimat í iðngreinum er sú að um er að ræða vottaðar námsleiðir á framhaldsskólastigi og því er gott að finna leið til að ljúka námi í þeirri grein sem raunfærni var metin í og einnig vegna þess að raunfærnimat hefur verið framkvæmt einna lengst í iðngreinum.

Rannsóknarspurningar sem settar eru fram fyrir þessa rannsókn eru:

1. Hve margir fara í formlegt nám í kjölfar raunfærnimats?
2. Hvers konar nám fara einstaklingar í?
3. Hversu stórt hlutfall skráir sig ekki í formlegt nám í kjölfar raunfærnimats?

## 2 Aðferð

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða hvernig raunfærnimat styður við markmið stjórnvalda um að fjölga þeim sem ljúka námi á framhaldsskólastigi. Til að meta það voru fengnar fyrirliggjandi upplýsingar frá Hagstofu Íslands um námsferil og brautskráningu einstaklinga. Ákveðið var að byrja á að skoða þá sem fóru í gegnum raunfærnimatsferlið á vegum IÐUNNAR því iðnnám hefur þann kost að gott er að finna leið til að ljúka námi.

### 2.1 Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru einstaklingar sem fengu raunfærni sína metna á tímabilinu 2007-2013 hjá IÐUNNI fræðslusetri. Heildarfjöldi þeirra sem metnir voru á þessu tímabili var 1.251 og af þeim voru 1.129 karlar (90,2%) og 122 konur (9,8%). Meðalaldur þeirra var 44,5 ár (staðalfrávik 8,96), sá yngsti 25 ára og sá elsti 67 ára. Hjá IÐUNNI fór raunfærnimat fram í 21 námsgrein á tímabilinu og jókst aðsókn í matið nokkuð jafnt með hverju ári (sjá töflu 1). Langflestir fóru í gegnum raunfærnimat í húsasmíði en þar voru 343 einstaklingar metnir á tímabilinu 2007-2013. Þar á eftir var námsgreinin vélvirkjun þar sem 130 einstaklingar gengust undir raunfærnimat og einnig bifvélavirkjun eða 127 einstaklingar (sjá töflu 2).

### 2.2 Mælitæki

Til að sjá afdrif þátttakenda var notast við upplýsingar úr nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands. Nemendaskrá geymir tölfræðilegar upplýsingar um fjölda nemenda á framhalds- og háskólastigi. Þessar heimildir eru skýrslur frá skólum eða öðrum stofnunum um nemendur og úr miðlæga nemendakerfinu INNU. Upplýsingar um nemendur í samningsbundnu iðnnámi eru fengnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) (Hagstofa Íslands, 2016).

Í prófaskrá eru upplýsingar yfir fjölda nemenda sem útskrifast á framhalds- og háskólastigi og þróun brautskráninga. Heimildir Hagstofunnar um brautskráða nemendur eru fengnar úr skýrslum frá skólum eða öðrum stofnunum og í gegnum

nemendakerfið INNU. Upplýsingar um sveinspróf koma frá Mennta - og menningarmálaráðuneyti (Hagstofa Íslands, 2014).

### **2.3 Framkvæmd rannsóknar**

Haft var samband við IÐUNA fræðslusetur í febrúar 2016 og óskað eftir samvinnu við gagnaöflun. Edda Jóhannesdóttir verkefnastjóri IÐUNNAR var tengiliður og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar. Hlutverk hennar fólst í því að taka saman upplýsingar um þá sem raunfærni var metin hjá í ólíkum greinum IÐUNNAR. Þær upplýsingar voru síðan sendar til Hagstofu Íslands í nóvember 2016 þar sem vinnsla upplýsinga fór fram. Úrvinnslan fólst í því að tengja upplýsingar úr nemenda- og prófaskrá við þátttakendur svo hægt væri að sjá hvers konar nám þeir fóru í, hvort þeir höfðu lokið námi og í hvaða námsgrein. Til að gæta fyllsta trúnaðar við þátttakendur afmáði Hagstofa allar persónuupplýsingar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og var vinnsla upplýsinganna tilkynnt til Persónuverndar (nr. tilkynningar S8035). Öllum gögnum frá Hagstofu var eytt eftir að verkinu var lokið.

Þar sem upplýsingar úr prófa- og nemendaskrá voru ekki aðgengilegar hjá Hagstofu fyrir árin 2014, 2015 og 2016 var ákveðið að miða við raunfærnimat á tímabilinu 2007-2013. Eftir að úrvinnsla var lokið fékk rannsakandi upplýsingar um afdrif þátttakenda úr nemendaskrá og upplýsingar um brautskráningar úr prófaskrá.

### 3 Niðurstöður

Til að meta þátttöku einstaklinga í formlegu námi eftir að hafa gengist undir raunfærnimat var byrjað á að skoða hlutfall þeirra sem innrituðu sig í nám og luku prófgráðu á tímabilinu 2007-2013. Þá var kannað hvers konar námi einstaklingar sem raunfærnimetnir voru á vegum IÐUNNAR höfðu lokið eftir ólíkum námsgreinum. Að lokum var hlutfall þeirra sem ekki skráðu sig í formlegt nám í kjölfar raunfærnimats skoðað sérstaklega til að sjá hvort munur væri á aðsókn í nám eftir námsgreinum.

#### 3.1 Brautskráðir einstaklingar á tímabilinu 2007-2013

Byrjað var á því að meta hversu stórt hlutfall af þeim sem fóru í raunfærnimat á tímabilinu 2007-2013 höfðu lokið formlegu námi. Hlutfall brautskráninga var skoðað út frá tveimur þáttum, fyrst af fjölda þeirra sem voru innritaðir í nám einhvern tímann á tímabilinu og síðan fjölda þeirra sem fóru í raunfærnimat. Í tölunum innritun og brautskráning var miðað við tímabilið 2007-2013, sem dæmi voru 246 sem fóru í raunfærnimat árið 2009, af þeim fór 171 einstaklingur í nám á árunum 2009-2013 og af þeim luku 100 manns námi á tímabilinu.

Eins og sjá má í töflu 1 hefur um þriðjungur (31,1%) þeirra sem fóru í raunfærnimat á árunum 2007-2013 lokið námi. Þegar árið 2013 var tekið út hækkaði hlutfall brautskráninga í 36,2%. Það gefur líklega raunsannari mynd af því hversu margir luku námi þar sem litlar líkur eru á að einstaklingar hafi náð að ljúka námi sama ár og raunfærnimat fór fram. Eins og áður var getið er árið 2013 það síðasta sem prófaskrá Hagstofunnar nær til. Þegar hlutfall brautskráðra er skoðað út frá fjölda þeirra sem skráðu sig í nám á tímabilinu má sjá að 49,1% luku námi en 55,6% ef árið 2013 er tekið út. Hæsta hlutfall brautskráninga er á árunum 2007 og 2008 en minnkar síðan árin eftir það. Það gefur til kynna að nokkur tími geti liðið frá því að raunfærnimat fer fram og þar til prófgráðu er lokið. Af þeim 1251 sem létu meta raunfærni sína á tímabilinu voru 793 sem skráðu sig í nám (63,4%) og algengast var að einstaklingar lykju námi ári til tveimur árum eftir að matið fór fram.



Tafla 1. Fjöldi raunfærnimetinna, innritaðra og brautskráðra á tímabilinu 2007-2013

Ár	Fjöldi í raunfærnimati	Innritaðir í nám	Brautskráðir úr námi	Hlutfall brautskráðra af innrituðum	Hlutfall brautskráðra
2007	85	61	44	71,8%	51,8%
2008	128	92	65	71,9%	50,8%
2009	246	171	100	69,5%	40,7%
2010	160	92	55	57,5%	34,4%
2011	211	121	55	57,3%	26,1%
2012	180	121	47	67,2%	26,1%
2013	241	135	23	56%	9,5%
Alls	1251	793	389	63,4%	31,1%

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands mátti sjá dæmi þess að sumir einstaklingar væru skráðir útskrifaðir en höfðu ekki verið innritaðir í nám eftir að hafa gengist undir raunfærnimat. Alls voru 26 einstaklingar á tímabilinu sem eingöngu voru skráðir í prófaskrá en í slíkum tilfellum geta nokkrar ástæður legið að baki. Til dæmis miðast tölur í nemendaskrá Hagstofunnar við 15. október ár hvert og því er hugsanlegt að nemendur hafi verið skráðir í nám á vormisseri eingöngu og komi því ekki fram í nemendatölum það ár sem raunfærni þeirra var metin. Dæmi um þetta er einstaklingur sem er metinn í lok árs og lýkur námi á einu misseri. Þá kemur skráningin um útskrift á undan nemendaskráningu og því er hann ekki skráður nemandi þegar Hagstofan keyrir inn gögn um nemendur 15. október árið eftir. Einnig gætu einstaklingar hafa fengið allar einingar metnar í raunfærnimati og farið strax í sveinspróf eða annað próf. Dæmi um þetta er til dæmis námsgreinin hársnyrtiið en þrír af þeim fjórum einstaklingum sem fóru í raunfærnimat í þeirri grein voru skráðir útskrifaðir en ekki skráðir í nemendaskrá. Í næsta kafla má sjá hvaða formlega námi brautskráðir einstaklingar luku á tímabilinu. Greint verður frá því hvort þeir luku námi í sömu grein og raunfærni þeirra var metin í eða annarri námsgrein.

### 3.2 Hvers konar námi ljúka einstaklingar eftir raunfærnimat?

Hér verður greint frá því hvers konar námi einstaklingar luku eftir að hafa gengist undir raunfærnimat til að sjá hvort munur sé á aðsókn í nám eftir námsgreinum. Samkvæmt töflu 2 voru 54,3% þátttakenda sem luku formlegu námi frá sömu grein og raunfærnimat fór fram í á sínum tíma. Í framreiðslu, húsasmíði, málaraíðni og

pípulögnum var hlutfall brautskráninga úr sömu grein hátt. Eins og sjá má voru dæmi þess að allir einstaklingar lykju námi frá sömu grein en þær eiga það sammerkt að fáir gengust undir raunfærnimat í þeim greinum.

Tafla 2. Formlegt nám í kjölfar raunfærnimats á tímabilinu 2007-2013

Námsgrein	Raunfærnimat í grein		Brautskráning úr sömu grein		Brautskráning úr annarri grein	
	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Bifreiðasmíði	37	22	59,5%	11	29.7%	
Bifvélavirkjun	127	50	39,4%	7	5.5%	
Bílamálun	47	14	29,8%	11	23.4%	
Blikksmíði	24	3	12,5%	0	0.0%	
Framreiðsla	26	22	84,6%	1	3.8%	
Hársnyrtiiðn	4	4	100%	0	0.0%	
Húsasmíði	343	251	73,2%	32	9.3%	
Kjötiðn	2	2	100%	0	0.0%	
Ljósmyndun	3	3	100%	0	0.0%	
Matartækni	113	41	36,3%	5	4.4%	
Matreiðsla	40	23	57,5%	5	12.5%	
Málmsuða*	11	18	163,6%	0	0.0%	
Málaraiðn	81	75	92,6%	4	4.9%	
Múriðn	37	14	37,8%	1	2.7%	
Pípulagnir	105	84	80%	9	8.6%	
Stálsmíði	54	12	22,2%	20	37.0%	
Vélstjórn	53	8	15,1%	2	3.8%	
Vélvirkjun	130	26	20%	14	10.8%	
Samtals	1237	672	54,3%	122	9.9%	

\*Námsgreinarnar málmsuða og rafsuða tilgreindar saman í prófaskrá Hagstofunnar

Í námsgreininni stálsmíði voru fleiri sem luku námi í annarri námsgrein en raunfærni var metin í á sínum tíma. Þar luku 37% námi í öðrum námsgreinum á móti 22% sem luku námi í stálsmíði. Algengast var að þeir einstaklingar lykju námi í stálvirkjasmíði og stálskipasmíði en einnig mátti sjá dæmi þess að einstaklingar lykju námi í frumgreinadeild háskóla, vélvirkjun/vélsmíði, rennismíði, húsasmíði og málmsuðu/rafsuðu. Aftur á móti mátti sjá í námsgreininni bílamálun að hlutfall þeirra sem luku námi í sömu grein (29,8%) og þeirra sem luku námi í öðrum greinum (23,4%) á tímabilinu 2007-2013 var svipað. Af þessum 11 einstaklingum sem ekki luku námi í

bílamálun voru 8 sem luku námi í bifreiðasmíði en hinir 3 voru með burtfararpróf í flugvélavirkjun, húsasmíði og húsgagnasmíði.

Í námsgreininni málmsuða er fjöldi brautskráðra (N=18) hærri en fjöldi metinna í sömu grein (N=11) sem gerir það að verkum að hlutfall brautskráninga er hærra en 100%. Ástæðan er sú að í prófaskrá eru þessir einstaklingar skráðir með burtfararpróf í málmsuðu/rafsuðu og því má leiða líkur að því að einhverjir þeirra hafi lokið bæði málmsuðu og rafsuðu þar sem það er skilgreint saman í prófaskrá.

Í töflu 2 er heildartala raunfærnimetinna einstaklinga 1.237 en alls voru 1.251 metnir á tímabilinu 2007-2013. Ástæðan er sú að í sumum námsgreinum voru ekki til upplýsingar um brautskráningu hjá Hagstofu og því eru þær ekki með í töflunni. Líklegt er að einstaklingar í þeim námsgreinum hafi ekki lokið námi eða ekki skráð sig í nám á þessu tiltekna tímabili. Árið 2011 voru sjö einstaklingar raunfærnimetnir í kjötskurði en upplýsingar um þá voru hvorki aðgengilegar í prófaskrá né nemendaskrá. Einnig mátti sjá dæmi um slíkt í rennismíði þar sem sex einstaklingar voru metnir á árunum 2012 og 2013. Þrír af þeim voru skráðir í nemendaskrá og voru því enn í námi á tímabilinu. Í bakaraíðn var einn einstaklingur metinn árið 2012 og upplýsingar um hann mátti sjá í nemendaskrá á tímabilinu 2007-2013 en ekki í prófaskrá.

Meirihluti einstaklinga fór í áframhaldandi nám á framhaldsskólastigi en alls fóru fjórir einstaklingar í háskólanám. Leiða má líkur að því að þeir hafi fyrst lokið námi í framhaldsskóla í kjölfar raunfærnimats en síðan haldið áfram í nám á háskólastigi. Dæmi um þetta eru til dæmis tveir einstaklingar sem létu meta raunfærni sína í húsasmíði og hafa nú báðir lokið B.S.-gráðu í byggingariðnfræði.

### **3.3 Óbrautskráðir einstaklingar á tímabilinu 2007-2013.**

Þar sem upplýsingar í töflu 1 gáfu til kynna að þeir sem færu í raunfærnimat á vegum IÐUNNAR virtust þurfa góðan tíma til að ljúka formlegu námi var ákveðið að skoða betur fjölda þeirra sem innritaðir voru í nám á tímabilinu 2007-2013 en höfðu ekki lokið því. Eins og sjá má í töflu 3 er heildarfjöldi óbrautskráðra 32,3% en lækkar í 28,9% eftir að búið er að taka út árið 2013. Þegar þetta er skoðað út frá fjölda þeirra sem innritaðir voru í nám er hlutfall óbrautskráðra 50,9% og 36,8% eftir að árið 2013 er tekið út. Hlutfall þeirra sem ekki ljúka námi er lægst á árunum 2007 og 2008 en eykst

síðan um 7,8% á árinu 2009. Eins og fram hefur komið áður er hlutfall óbrautskráðra árið 2013 hátt því fáir ljúka námi sama ár og raunfærnimat fer fram. Þetta rennir frekari stoðum undir þá tilgátu að einstaklingar virðist þurfa góðan tíma til að ljúka formlegu námi eftir raunfærnimat.

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfall óbrautskráðra einstaklinga eftir árum 2007-2013**

Ár	Fjöldi í raunfærnimati	Innritaðir í nám	Óbrautskráðir	Hlutfall óbrautskráðra
2007	85	61	17	20,0%
2008	128	92	27	21,1%
2009	246	171	71	28,9%
2010	160	92	37	23,1%
2011	211	121	66	31,3%
2012	180	121	74	41,1%
2013	241	135	112	46,5%
Alls	1251	793	404	50,9%

Þegar fjöldi innritaðra en óbrautskráðra var skoðaður út frá námsgreinum mátti sjá að matartækni og málaraíðn voru þær greinar þar sem hlutfall brautskráðra var einna hæst miðað við fjölda þátttakenda í námsgreinum. Í matartækni var hlutfall þeirra 36,8% og 37,3% í málaraíðn. Næst á eftir þeim var námsleiðin matreiðsla þar sem hlutfall óbrautskráðra var 39,1%. Í námsgreinunum málmsuða og ljósmyndun var einungis einn einstaklingur í hvorri grein sem ekki hafði lokið formlegu námi á tímabilinu. Í framreiðslu höfðu 5 af 13 þátttakendum ekki lokið námi eða 38,5%

Í námsgreinunum bakaraiðn og rennismíði mátti sjá að fáir höfðu lokið námi en þar sem um fáa einstaklinga var að ræða endurspegla þær niðurstöður ekki vel þann hóp sem ekki hafði lokið námi. Þar á eftir var hlutfall óbrautskráðra hæst í vélstjórn (74,3%), blikksmíði (71,4%), vélvirkjun (65,3%) og bifvélavirkjun (63,2%). Í húsasmíði og pípulögnum höfðu um 50% þátttakenda ekki lokið námi á tímabilinu 2007-2013 (sjá töflu 4).

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall innritaðra en óbrautskráðra eftir námsgreinum 2007-2013

Námsgrein	Óbrautskráðir	Innritaðir í nám	Hlutfall óbrautskráðra
	Fjöldi	Fjöldi	Prósentur
Bakaraíðn	1	1	100%
Bifreiðasmíði	8	21	38,1%
Bifvélavirkjun	48	76	63,2%
Bílamálun	14	23	60,9%
Blikksmíði	10	14	71,4%
Framreiðsla	5	13	38,5%
Húsasmíði	106	226	46,9%
Ljósmyndun	1	3	33,3%
Matartækni	25	68	36,8%
Matreiðsla	9	23	39,1%
Málaraiðn	22	59	37,3%
Málmsuða	1	10	10,0%
Múriðn	13	21	61,9%
Pípulagnir	43	85	50,6%
Rennismíði	3	3	100%
Stálsmíði	22	38	57,9%
Vélstjórn	26	35	74,3%
Vélvirkjun	47	72	65,3%
Samtals	404	791	51,1%

Helmingur þátttakenda lauk ekki námi á tímabilinu 2007-2013 sem er í takt við niðurstöðu töflu 3. Eins og sjá má er munur á fjölda þátttakenda sem innritaðir voru í nám á milli taflna 3 og 4. Ástæðan er sú að tveir einstaklingar í námsgreinunum hársnyrtiiðn og kjötiðn voru skráðir innritaðir en upplýsingar um þá komu hvorki fram í prófaskrá né nemendaskrá, því voru þeir ekki taldir með í töflu 4.

### 3.4 Hlutfall þeirra sem ekki skráðu sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013

Upplýsingar um fjölda þeirra sem ekki skráðu sig í formlegt nám í kjölfar raunfærnimats á milli ára eru kynntar í töflu 5. Einnig verður greint frá fjölda þeirra sem ekki skráðu sig í nám eftir námsgreinum IÐUNNAR í töflu 6. Áhersla var lögð á að skoða hlutfall óskráðra milli námsleiða svo hægt væri að koma auga á þær greinar sem hefðu minni aðsókn í nám eftir raunfærnimat en aðrar.

Tafla 5. Fjöldi einstaklinga sem ekki skráði sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013

Ár	Fjöldi í raunfærnimati	Óskráðir	Hlutfall óskráðra
2007	85	24	28,2%
2008	128	36	28,1%
2009	246	75	30,5%
2010	160	68	42,5%
2011	211	90	42,7%
2012	180	59	32,8%
2013	241	106	44,0%
Alls	1251	458	36,7%

Niðurstöður sýna að 36,7% einstaklinga skráðu sig ekki í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013. Eins og sjá má eykst hlutfall þeirra jafnt og þétt milli ára en lækkar síðan aftur um 9,9% árið 2012. Árið 2013 fór tæpur helmingur raunfærnimetinna ekki í nám. Miðað við þessar tölur fer um þriðjungur þátttakenda ekki í formlegt nám.

Tafla 6. Hlutfall einstaklinga sem ekki skráðu sig í formlegt nám á tímabilinu 2007-2013

Námsgrein	Raunfærnimat í	Óskráðir	Óskráðir
	grein		
	Fjöldi	Fjöldi	Prósentur
Bifreiðasmíði	37	16	43,2%
Bifvélavirkjun	127	51	40,2%
Bílamálun	47	24	51,1%
Blikksmíði	24	10	41,7%
Framreiðsla	26	13	50%
Hársnyrtiiðn	4	3	75%
Húsasmíði	343	117	34,1%
Kjötiðn	2	1	50%
Kjötskurður	7	7	100%
Matartækni	113	45	39,8%
Matreiðsla	40	17	42,5%
Málaraiðn	81	22	27,2%
Málmsuða	11	1	9,1%
Múriðn	37	16	43,2%
Pípulagnir	105	20	19%
Rennismíði	6	3	50%
Stálsmíði	54	16	29,6%
Vélstjórn	53	18	34%
Vélvirkjun	130	58	44,6%
Samtals	1247	458	36,7%

Í töflu 6 má sjá fjölda þeirra sem ekki skráðu sig í formlegt nám eftir að hafa gengist undir raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri. Enginn af þeim sjö einstaklingum sem metnir voru í kjötskurði árið 2011 skráðu sig í nám á tímabilinu. Í greininni hársnyrtiiðn má sjá að 75% þátttakenda skráðu sig ekki í nám en ástæðan er sú að þrír af fjórum einstaklingum voru skráðir með burtfararpróf samkvæmt prófaskrá Hagstofunnar en ekki í nemendaskrá (sjá kafla 3.1).

Í bílgreinum má sjá að hlutfall þeirra sem ekki héldu í áframhaldandi nám var á bilinu 40-50% á tímabilinu 2007-2013. Einnig má sjá hátt hlutfall í námsgreininni vélvirkjun eða 44,6% og í múriðn þar sem 43,2% einstaklinga skráðu sig ekki í nám.

Besta ásókn einstaklinga í formlegt nám í kjölfar raunfærnimats var í málmsuðu þar sem einungis 1 af 11 þátttakendum fór ekki í nám. Ekki var þó um marga einstaklinga að ræða í þeirri námsgrein á þessu tiltekna tímabili. Í þípulögnum var einnig góð aðsókn í nám en 81% þátttakenda skráði sig í formlegt nám eftir raunfærnimat. Í námsgreinunum stálsmíði og málaraíðn var hlutfall þeirra sem skráði sig ekki í formlegt nám ásættanlegt eða tæplega 30%.



## 4 Umræður

Þegar meginniðurstöður þessarar rannsóknar eru dregnar saman hefur rúmlega þriðjungur þeirra sem gengist hefur undir raunfærnimat lokið formlegri prófgráðu. Af þeim sem skráðu sig í nám hafa 55,6% lokið formlegri prófgráðu og um helmingur þeirra lauk námi frá sömu grein og raunfærni var metin í. Enn fremur sýndu niðurstöður að 36,7% einstaklinga fóru ekki í formlegt nám eftir mat á raunfærni. Að lokum kom í ljós að þátttakendur virtust þurfa góðan tíma til að ljúka námi þar sem hæsta hlutfall brautskráðra var meðal þeirra sem fóru í raunfærnimat á fyrstu tveimur árum tímabilsins.

### 4.1 Markmið stjórnvalda og árangur raunfærnimats

Í fáum rannsóknum hefur aðsókn einstaklinga í formlegt nám eftir raunfærnimat verið skoðuð með jafn nákvæmum hætti og hér er gert. Niðurstöður endurspeglar niðurstöður fyrri rannsókna að því leyti að raunfærnimatið virðist ýta undir að fullorðið fólk ljúki formlegu námi frá framhaldsskóla (Blinkhorn, 1999; Travers, 2011; Auður Sigurðardóttir, 2010; Sólveig R. Kristinsdóttir, 2013; The Council For Adult and Experimental Learning, 2010). Í rannsókn Guðnýjar Sigríðar Magnúsdóttur (2013) höfðu 28% þátttakenda lokið námi eftir mat á raunfærni og í könnun Capacent Gallup höfðu 34,1% lokið námi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Það er svipað hlutfall og niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna. Þar sem gögnin sem hér eru notuð ná til allra þeirra sem hafa farið í raunfærnimat hjá IÐUNNI á tímabilinu 2007-2013, í stað þess að byggja á úrtaki þátttakenda með ójöfnu svarhlutfalli, hafa þessi gögn þann kost að þau veita nákvæmari og áreiðanlegri upplýsingar en fyrri rannsóknir hafa gert um hversu margir hafa raunverulega lokið formlegri prófgráðu.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu að um þriðjungur þeirra einstaklinga sem fór í raunfærnimat á tímabilinu hefur lokið formlegu námi var ákveðið að skoða nánar þá einstaklinga sem innritaðir voru í nám en höfðu ekki lokið því. Í ljós kom að hlutfall óbrautskráðra var hæst í námsgreinunum vélstjórn, blikksmíði, vélvirkjun og bifvélavirkjun. Það er áhugavert í ljósi niðurstaðna Capacent-könnunarinnar frá árinu 2014 þar sem um 50% þeirra sem raunfærnimetnir voru í námsgreinunum vélvirkjun og

bifvélavirkjun töldu tímaskort vera helstu ástæðu þess að þeir myndu ekki ná að ljúka námi. Einnig tilgreindu þeir kostnað námsins og bóklegar greinar vera hindranir í því að geta klárað. Þar kom enn fremur í ljós að 57% einstaklinga sem gengust undir raunfærnimat hjá IÐUNNI töldu tímaskort vera helstu ástæðu þess að geta ekki lokið námi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Niðurstöður þessarar rannsóknar endurspeglar þann tímaskort á þann hátt að það tekur fólk tíma til að ljúka námi eftir mat á raunfærni. Hæsta hlutfall brautskráðra var á meðal þeirra sem gengust undir raunfærnimat á árunum 2007 og 2008. Sá hópur hafði því 5-6 ár til að ljúka námi og þar sem um fullorðna einstaklinga er að ræða er líklegt að margir þeirra hafi verið í námi samhliða vinnu og því verið lengur að klára. En eins og Aarts og félagar (1999) bentu á er raunfærnimat hentugt fyrir þá sem vilja stunda nám samhliða vinnu og fjölskyldulífi. Miðað við þann tíma sem tekur að ljúka námi er líklegt að einstaklingar sem fara í raunfærnimat búi yfir seiglu til að ljúka prófgráðu rétt eins og fyrri rannsóknir hafa bent á (The Council For Adult and Experimental Learning, 2010; Pearson, 2000).

Í rannsókninni var einnig skoðað hvers konar nám einstaklingar fóru í eftir mat á raunfærni til að fá yfirsýn um námsferil þeirra. Niðurstöður sýndu að rúmlega helmingur þeirra þátttakenda sem innritaðir voru í nám lauk formlegu námi frá sömu grein og raunfærni var metin í. Hæsta hlutfall þeirra sem lauk námi í sömu grein var í framreiðslu, húsasmíði, málaraíðn og pípulögnum. Lang stærsti hluti þátttakenda fór í nám á framhaldsskólastigi en alls voru fjórir einstaklingar sem fóru í háskólanám. Leiða má líkur að því að þessir einstaklingar hafi ekki farið í nám nema með tilkomu raunfærnimatsins og þeirrar hvatningar og stuðnings til náms sem IÐAN veitti þeim.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að meta óformlega þekkingu með raunfærnimati til að efla íslenskt menntakerfi og auðvelda aðgengi þessa hóps að námi. Þessi sömu markmið má sjá í lögum um framhaldsfræðslu og því er ljóst að mikill vilji er fyrir því að fjölga þeim sem ljúka námi frá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010; Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Það er mikilvægt að fullorðnu fólki án framhaldsskólaprófs standi til boða að láta meta raunfærni sína því talið er að menntun auki lífsgæði fólks og geti stuðlað að betri afkomu þeirra. Það skiptir líka máli

fyrir þjóðfélagið þar sem aukin menntun bætir hagvöxt og dregur úr ójöfnuði í samfélaginu (Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, 2014; OECD, 2016). Því er mikilvægt er að meta hvort þetta teljist góður árangur í ljósi þess að stjórnvöld hafa sett það markmið að minnka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi úr 30% niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, 2011). Höfundur telur að það þurfi að koma betur til móts við fullorðna einstaklinga í formlega skólakerfinu svo markmiði stjórnvalda sé náð.

#### 4.2 Áskoranir og hindranir

Þegar fjöldi þeirra sem skráði sig ekki í nám var skoðaður nánar kom í ljós að um þriðjungur þátttakenda fór ekki í formlegt nám eftir mat á raunfærni. Í bílgreinum mátti sjá að hlutfall þeirra sem fóru ekki í áframhaldandi nám var á bilinu 40-50% á tímabilinu 2007-2013. Að sama skapi var hátt hlutfall í námsgreinunum vélvirkjun eða 44,6% og í múriðni þar sem 43,2% einstaklinga skráðu sig ekki í nám. Í Capacentkönnuninni frá árinu 2014 má sjá að 15% þeirra sem fóru í raunfærnimat hjá IÐUNNI ætluðu sér ekki í áframhaldandi nám eftir matið. Þar kom einnig fram að 4% þeirra sem fóru í raunfærnimat í vélvirkjun höfðu ekki í hyggju á að halda áfram í nám og 7% þeirra sem metnir voru í bifvélavirkjun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Það er töluvert lægra hlutfall en niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna. Mögulega er ástæðan sú að fólk svaraði ekki eftir bestu getu í könnuninni eða að hindranir hafi ollið því að fólk sem ætlaði sér í nám fór ekki. Það vekur upp þá spurningu hvort aðgengi að námi í bílgreinum sé minna en í öðrum greinum þar sem hlutfallið þeirra sem skráðu sig ekki í nám er heldur hátt.

Þar sem stuðst var við gögn um brautskráningar og námsferil þátttakenda frá Hagstofu var ekki unnt að skoða með nákvæmum hætti hvers vegna einstaklingar náðu ekki að ljúka námi eða fóru ekki í nám í kjölfar matsins. Slíkt hefur verið skoðað áður í könnun Capacent frá árinu 2014. Þar voru ástæður þess að fólk taldi sig ekki geta lokið námi tímaskortur, kostnaður, bóklegar greinar í náminu, fjarlægð í skóla, námsörðugleikar, að námsleið var ekki í boði og að þátttakendur töldu sig ekki eiga samleið með nemendum í framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Íslenskar rannsóknir hafa enn fremur sýnt að fullorðnum námsmönnum þykir

oft á tíðum erfitt að hefja nám að nýju innan formlega skólakerfisins (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Rannsóknir Jóhönnu Rósu Arnardóttur (2003) og Svanfríðar Ingu Jónasdóttur (2005) leiddu í ljós að þessum nemendahóp fyndist uppbygging skólakerfisins ekki henta sér og þeim þætti stuðningi og utanumhaldi innan skólanna ábótavant. Í ljósi þessara niðurstaðna og að markmið stjórnvalda sé að bæta aðgengi þessa hóps að formlegu námi er vert að skoða þetta nánar og sjá hvort stofnanalegar hindranir séu í vegi þátttakenda að halda í formlegt nám að raunfærnimati loknu.

### 4.3 Lokaorð

Raunfærnimat virðist vera ákjósanleg leið til að auka aðgengi þeirra sem minnsta menntun hafa í nám þar sem 63,4% þeirra sem fóru í raunfærnimat skráðu sig í nám á tímabilinu 2007-2013. Miðað við að hlutfall brautskráðra var 36,2% má draga þá ályktun að matið skili ásættanlegum árangri og styðji að einhverju leyti við markmið stjórnvalda um að fjölga þeim sem ljúki námi frá framhaldsskóla. Það má líta svo á að þessir einstaklingar hefðu líklega ekki skilað sér í nám ef ekki væri fyrir raunfærnimatið. Fólk virðist enn fremur þurfa tíma til að ná að ljúka námi eftir raunfærnimat eins og niðurstöður Capacent-könnunarinnar gáfu til kynna (Mennta- og menningar- málaráðuneytið, 2014b).

Helsti annmarki rannsóknarinnar er sá að aðeins voru skoðaðir þeir einstaklingar sem hafa verið raunfærnimetnir hjá IÐUNNI en mögulega eru þeir á einhvern hátt frábrugðnir þeim sem fara í raunfærnimat í öðrum námsgreinum. Iðngreinar eru oft kenndar með öðrum hætti en bóklegar greinar, til dæmis er meira um verknám og oft eru áfangar kenndir í lotum. Það þyrfti að skoða alla þá sem hafa verið metnir í þeim ólíku greinum sem raunfærnimatið stendur til boða í og hjá fleiri símenntunarstöðvum með sama hætti og þessi rannsókn var gerð. Annar vankantur rannsóknarinnar er sá að hér er eingöngu stuðst við gögn úr nemendaskrá og prófaskrá Hagstofunnar og ekki spurningalista. Því er ekki hægt að draga fram skýrari mynd af því hvers vegna fólk lauk ekki námi eða kaus að skrá sig ekki í nám. Það eitt og sér er gott rannsóknarefni og þá sérstaklega hvort stofnanalegar hindranir í skólakerfinu aftri sókn þessa hóps í formlegt nám eins og fyrri rannsóknir hafa komið auga á (Mennta- og menningar-

málaráðuneytið, 2014b; Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2003; Svanfríður Inga Jónasdóttir, 2005). Að lokum má nefna þá staðreynd að í þessari rannsókn liggur hvorki fyrir nákvæm tímasetning um hvenær raunfærni einstaklinga var metin né nákvæmur tími brautskráningar. Það hefði gefið góðar upplýsingar um þann tíma sem tekur einstaklinga að ljúka námi eftir mat á raunfærni.

Tekið skal fram að rannsókninni var ætlað að veita upplýsingar um ásókn fólks í formlegt nám eftir raunfærnimat og því eru ekki upplýsingar hér um þá einstaklinga sem fóru í nám utan formlega skólakerfisins, eins og í Menntastoðum eða á styttri námskeiðum sem haldin eru hjá fræðslu- og símenntunarstöðvum.

Þrátt fyrir þessa annmarka veitir þessi rannsókn nákvæmari og áreiðanlegri upplýsingar um þá sem lokið hafa formlegu námi eftir raunfærnimat en legið hafa fyrir í fyrri rannsóknum þar sem stuðst er við gögn frá Hagstofu Íslands. Þessar niðurstöður vekja upp þá spurningu hvort aðgengi að námi í framhaldi af raunfærnimati sé nógu gott fyrir fullorðna námsmenn eða hvort stofnanalegar hindranir standi í vegi fyrir því að fólk á fullorðinsaldri geti lokið námi. Niðurstöður rannsóknarinnar geta haft hagnýtt gildi fyrir þá sem koma að skipulagi framhaldsfræðslunnar þar sem þær veita nýjar og mikilvægar upplýsingar um skilvirkni raunfærnimatsins.

## Heimildaskrá

- Aarts, S., Blower, D., Burke, R., Conlin, E., Howell, B., Howorth, C. E., . . . Van Kleef, J. (1999). *A slice of the iceberg: Cross-Canada study of prior learning assessment and recognition*. Sótt af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED442503.pdf>
- Aarts, S., Blower, D., Burke, R., Conlin, E., Howell, B., Ebner-Howarth, C. og Van Kleef, J. (2003). *Feedback from learners: A second Cross-Canada study of prior learning assessment and recognition*. Sótt af <http://capla.ca/feedback-from-learners/>
- Andersson, P. og Fejes, A. (2005). Recognition of prior learning as a technique for fabricating the adult learner: A genealogical analysis on swedish adult education policy. *Journal of Education Policy*, 20(5), 595–613. doi.org/10.1080/02680930500222436
- Andersson, P., Fejes, A. og Sandberg, F. (2013). Introducing research on recognition of prior learning. *International Journal of Lifelong Education*, 32(4), 405-411. doi:10.1080/02601370.2013.778069
- Arcott, J., Crowther, I., Young, M. og Ungarian, L. (2007). *Producing results in prior learning: A report from the Gateway project*. Sótt af <http://plar.org/documents/FINALreport.pdf>
- Auður Sigurðardóttir. (2010). *Að stíga skrefið. Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Blinkhorn, K. W. (1999). *Prior Learning Assessment: An Investigation of Nonsponsored Learning for College Credits* (doktorsritgerð, Toronto-háskóli). Sótt af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED458903.pdf>
- Cedefop. (2009). European guidelines for validating non-formal and informal learning. Sótt af <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/publications/3073>
- Colardyn, D. og Bjornavold, J. (2004). Validation of formal, non-formal and informal learning: Policy and practices in EU member states. *European Journal of Education*, 39(1), 69–89. doi 10.1111/j.0141-8211.2004.00167.x
- Duvekot, R., Scanlon, G., Charraud, A., Schuur, K., Coughlan, D., Nilsen-Mohn, T., . . . Klarus, R. (2007). *Managing european diversity in lifelong learning*. Sótt af [http://www.ec-vpl.eu/wp-content/uploads/2011/12/Managing\\_European\\_Diversity\\_in\\_lifelong\\_learning.pdf](http://www.ec-vpl.eu/wp-content/uploads/2011/12/Managing_European_Diversity_in_lifelong_learning.pdf)

- EU Quality Assurance in Vocational Education and Training. (e.d.). Initial education and training (IVET). Sótt af <http://www.eqavet.eu/qc/gns/glossary/i/initial-education-training-ivet.aspx>
- EUR-Lex. (2009). European area of lifelong learning. Sótt af <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=URISERV%3Ac11054>
- European Commission. (2001). *Communication from the commission: making a European area of lifelong learning a reality*. Sótt af [http://www.uni-mannheim.de/edz/doku/adr/2002/cdr49-2002\\_fin\\_ac\\_en.pdf](http://www.uni-mannheim.de/edz/doku/adr/2002/cdr49-2002_fin_ac_en.pdf)
- European Commission. (2010). *Europe 2020: A European strategy for smart, sustainable and inclusive growth*. Sótt af <http://ec.europa.eu/eu2020/pdf/COMPLET%20EN%20BARROSO%20%20%20007%20-%20Europe%202020%20-%20EN%20version.pdf>
- Evrópuvefurinn. (2012). Gilda sömu reglur um viðurkenningu á menntun í öllum aðildarríkjum ESB?. Sótt af <http://www.evropuvefur.is/svar.php?id=61860>
- Fejes, A. (2010). Discourses on Employability: Constituting the Responsible Citizen. *Studies in Continuing Education*, 32(2), 89-102. doi:10.1080/0158037X.2010.488353
- Fejes, A. og Andersson, P. (2008). *Validering integrerad i lärprocesser: Erfarenheter av kompetensutveckling för omvårdnadspersonal*. Sótt af <https://liu.se/helix/filer/1.91129/Valideringintegreradilrprocesser.pdf>
- Field, S., Álvarez-Galván, J.-L., Hénaud, F., Kis, V., Kuczera, M. og Musset, P. (2012). *OECD reviews of vocational education and training: A skills beyond school review of Denmark*. doi: 10.1787/9789264173668-en
- Fjortoft, N. F. og Zgarrick, D. P. (2001). Survey of prior learning assessment practices in pharmacy education. *American Journal of Pharmaceutical Education*, 65(1), 44-52. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/211184939/fulltextPDF/21EB1CD640C24149PQ/1?accountid=28822>
- Forsætisráðuneytið. (2011). *Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag: Þekking, sjálfbærni, velferð*. Sótt af <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>
- Friðrik Hjörleifsson. (2015). Raunfærnimat í tölum. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 91-93. Sótt af [http://www.frae.is/media/80827/Gatt\\_2015\\_web\\_091-93.pdf](http://www.frae.is/media/80827/Gatt_2015_web_091-93.pdf)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Raunfærni. Raunfærnimat*. Reykjavík:  
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2007). *Tillögur um þróun raunfærnimats*. Sótt af  
[http://www.frae.is/files/%7B9286df37-0e35-41e2-a308-8c8d1a6f6ad8%7D\\_till%C3%B6gur%20um%20%C3%BEr%C3%B3un%20raunf%C3%A6rnimats.pdf](http://www.frae.is/files/%7B9286df37-0e35-41e2-a308-8c8d1a6f6ad8%7D_till%C3%B6gur%20um%20%C3%BEr%C3%B3un%20raunf%C3%A6rnimats.pdf)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2014). Hvað áttu við? *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 98-99. Sótt af  
[http://www.frae.is/media/60965/Gatt\\_2014\\_Hvad-attu-vid\\_098-099.pdf](http://www.frae.is/media/60965/Gatt_2014_Hvad-attu-vid_098-099.pdf)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2016). *Starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2016*. Sótt af <http://www.frae.is/media/89630/Starfsaaetlun-2016.pdf>

Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Guðný Sigríður Magnúsdóttir. (2013). *Raunfærnimat starfsfólks fjármálafyrirtækja* (meistararitgerð). Háskólinn á Bifröst, Bifröst.

Gunnar E. Finnbogason. (2009). Að gera hæfni sýnilega: Mat á raunfærni. Í *Netla, veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/008/>

Hagstofa Íslands. (2014, 7. febrúar). Prófaskrá; framhaldsskólar og háskólar. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn/?fileId=19568>

Hagstofa Íslands. (2016, 21. júní). Nemendaskrá; framhaldsskólar og háskólar. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn/?fileId=19541>

Harris, J. og Wihak, C. (2011). Introduction and overview of chapters. Í J. Harris, M. Breier og C. Wihak (ritstjórar), *Researching the recognition of prior learning. International perspectives* (bls. 1-13). England: National Institute of Adult Continuing Education.

IÐAN fræðslusetur. (e.d.a). IÐAN fræðslusetur ehf. Sótt af <http://www.idan.is/um-okkur>

IÐAN fræðslusetur. (e.d.b). Raunfærnimat. Sótt af <http://www.idan.is/raunfaernimat>

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. (2004). Raunfærnimat. Svo lengi lærir sem lifir. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 28-32. Sótt af  
[http://www.frae.is/media/71103/7-6ce21bd8-49d4-4988-8d39-4ec7fd98375d-\\_raunfaernimat-ieg.pdf](http://www.frae.is/media/71103/7-6ce21bd8-49d4-4988-8d39-4ec7fd98375d-_raunfaernimat-ieg.pdf)



- Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. (2011). Þróun raunfærnimats og upplýsingakerfis um nám og störf. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 21-22. Sótt af [http://www.frae.is/media/70538/6-Gatt\\_2011\\_021-22\\_web\\_199217324.pdf](http://www.frae.is/media/70538/6-Gatt_2011_021-22_web_199217324.pdf)
- Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. (2015). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 80-90. Sótt af [http://frae.is/media/80824/Gatt\\_2015\\_web\\_080-90.pdf](http://frae.is/media/80824/Gatt_2015_web_080-90.pdf)
- International Labour Organization. (2005). *Skills, Knowledge and Employability*. Sótt af [http://www.educacion.gob.es/educa/incual/pdf/rec/07\\_ilo%202005.pdf](http://www.educacion.gob.es/educa/incual/pdf/rec/07_ilo%202005.pdf)
- Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2003). *Gildi menntunar fyrir fullorðið fólk: athugun á hverju nám á háskólastigi skilar fólk í atvinnulífi og einkalífi og hvers vegna fullorðnir fara í nám* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn - Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Málþing um iðn- og tæknimenntun á næstu árum - ræða ráðuneytisstjóra. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/malthing\\_og\\_radstefnur/2003/01/20/nr/644](https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/malthing_og_radstefnur/2003/01/20/nr/644)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi*. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Motun\\_stefnu\\_um\\_nam\\_alla\\_aevi.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Motun_stefnu_um_nam_alla_aevi.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Yfirlitsskýrsla OECD um starfsmenntun á Íslandi: Leikni að loknum skóla - skills beyond school*. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=B9EDC8473780024500257D480057AEAF&action=openDocument>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014a). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014b). *Námskeið, ráðgjöf og raunfærnimat. Febrúar-mars 2014*. Sótt af <http://frae.is/media/44806/utpektarskyrsla-2014.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015a). *Samantekt úr Education at a Glance 2015: Skýrsla OECD um menntatölfræði*. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=F88B113AE1F3838300257F9300385F91&action=openDocument>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015b). *Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu*. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=3891FB3E3111CE4600257ED600578D65&action=openDocument>
- Meyer, J. W. (1977). The Effects of Education as an Institution. *American Journal of Sociology*, 83(1), 55-77. doi:10.1086/226506
- Morin, L. (2007). *Prior Learning Assessment and Recognition (PLAR): Access and retention of adult learners* (Mastersritgerð, Athabasca-háskóli). Sótt af <http://dtp.lib.athabasca.ca/action/download.php?filename=mais/loismorinProject.pdf>
- Musset, P. og Valle R. C. (2013). *OECD Reviews of Vocational Education and Training: A skills beyond school commentary on Iceland*. Sótt af <https://www.oecd.org/edu/skills-beyond-school/ASkillsBeyondSchoolCommentaryOnIceland.pdf>
- Nordiskt nätverk för vuxnas lärande. (e.d.). *Gæðalíkan fyrir raunfærnimat á Norðurlöndum* (Fjóla María Lárusdóttir, Haukur Harðarson og Sigrún Kristín Magnúsdóttir þýddu). Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- OECD [Organisation for Economic Co-operation and Development]. (2003). *Beyond Rhetoric: Adult Learning Policies and Practices*. Paris: Höfundur.
- OECD [Organisation for Economic Co-operation and Development]. (2016). *Education at a glance 2016*. Sótt af [http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/education/education-at-a-glance-2016\\_eag-2016-en#page120](http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/education/education-at-a-glance-2016_eag-2016-en#page120)
- Pearson, W. S. (2000). *Enhancing adult student persistence: The relationship between prior learning assessment and persistence toward the baccalaureate degree* (doktorsritgerð). Iowa háskóli, Iowa.
- Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. (2014). *Stærsta efnahagsmálið - sóknarfæri í menntun*. Sótt af [http://vi.is/%C3%BA%20t%3%A1%20staersta\\_efnahagsmalid.pdf](http://vi.is/%C3%BA%20t%3%A1%20staersta_efnahagsmalid.pdf)
- Sanséau, P. og Ansart, S. (2013). Accreditation of prior experiential learning as a catalyst for lifelong learning: Analysis and proposals based on french experiments. *Journal of International Education Research*, 9(4), 317–328.
- Sólveig R. Kristinsdóttir. (2013). „En halló ég hef bara alveg helling“: *Upplifun starfsmanna fjármálafyrirtækja af raunfærnimati* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Stenlund, T. (2010). Assessment of prior learning in higher education: A review from a validity perspective. *Assessment & Evaluation in Higher Education*, 35(7), 783-797. doi:10.1080/02602930902977798
- Stevens, K., Gerber, D. og Hendra, R. (2010). Transformational learning through prior learning assessment. *Adult Education Quarterly*, 60(4), 377-404. doi:10.1177/0741713609358451
- Sultana, R. G. (2004). *Guidance policies in the knowledge society: Trends, challenges and responses across Europe. A Cedefop synthesis report*. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities.
- Svanfríður Inga Jónasdóttir. (2005). *Námsáhuþugi fólks með litla formlega menntun* (meistararitgerð). Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- The Council For Adult and Experimental Learning. (2010). *Fueling the Race to Postsecondary Success: A 48-institution Study of Prior Learning Assessment and Adult Students Outcomes*. Sótt af [http://cdn2.hubspot.net/hubfs/617695/premium\\_content\\_resources/pla/PDF/PLA\\_Fueling-the-Race.pdf](http://cdn2.hubspot.net/hubfs/617695/premium_content_resources/pla/PDF/PLA_Fueling-the-Race.pdf)
- Travers, N. L. (2011). United States of America: Prior learning assessment (PLA) research in colleges and universities. Í J. Harris, M. Breier og C. Wihak (ritstjórar), *Researching the recognition of prior learning. International perspectives* (bls. 248-283). England: National Institute of Adult Continuing Education.
- Utanríkisráðuneytið. (e.d.). Hugtakasafn þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Sótt af <http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/hugtak.adp?id=1740>
- Watts, A. og Fretwell, D. (2004). *Public policies for career development: Policy strategies for designing career information and guidance systems in middle-income and transition economies*. Sótt af [http://siteresources.worldbank.org/EDUCATION/Resources/278200-1126210664195/1636971-126210694253/Case\\_Studies\\_Emerging\\_Issues.pdf](http://siteresources.worldbank.org/EDUCATION/Resources/278200-1126210664195/1636971-126210694253/Case_Studies_Emerging_Issues.pdf)
- Wihak, C. (2005). *State of the field review: Prior learning assessment and recognition (PLAR)*. Sótt af [https://www.academia.edu/384833/STATE\\_OF\\_THE\\_FIELD\\_REVIEW\\_PRIOR\\_LEARNING\\_ASSESSMENT\\_AND\\_RECOGNITION\\_PLAR\\_](https://www.academia.edu/384833/STATE_OF_THE_FIELD_REVIEW_PRIOR_LEARNING_ASSESSMENT_AND_RECOGNITION_PLAR_)